

**Mál nr. 49/2020****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun líkamstjóns vegna áreksturs 20. september 2017.****Gögn.**

Málskot dags. 12. febrúar 2020, ásamt fylgigögnum merktum 1-4.

Bref V, dags. 28. febrúar 2020, ásamt myndum og PC-crash skýrslu dags. 12. september 2018.

**Málsatvik.**

Samkvæmt þeim gögnum sem hafa verið lögð fyrir nefndina varð árekstur með bifreiðinni X og bifreið sem M ók, þannig að bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M. Ekki liggur fyrir upphafleg tjónstilkynning vegna árekstursins eða lýsingar ökumanna á honum, en V hefur lagt fram myndir af bifreið M og svokallaða PC-skýrslu dags. 12. september 2018, sem félagið aflaði einhliða. Í þeirri skýrslu koma fram upplýsingar um mjög lítinn ætlaðan höggkraft af árekstrinum. Í málinu liggja einnig fyrir lækisfræðilegar upplýsingar um komu M á heilsugæslu daginn eftir árekstur og líðan M þá. Næsta koma M til lækis, sem tengd er við einkenni sem M rekur til árekstursins, er 1. september 2018 og einnig er gerð grein fyrir rannsóknum sem fóru fram eftir það sem og öðrum upplýsingum um heilsufar M fyrir áreksturinn.

V sendi tilkynningu til lögmanns M hinn 13. mars 2019 um að félagið féllist ekki að varanlegt heilsutjón gæti hafa orðið af árekstrinum og vísaði um það til gagna málsins og niðurstöðu fyrrnefndrar PC-crash skýrslu. Í viðbótarathugasemdum V til nefndarinnar kemur einnig fram tilvísun til skýrslunnar og að ekki liggi fyrir lækisfræðileg gögn sem styðja að M hafi orðið fyrir tjóni sem og að V telji að einkenni M frá stoðkerfi hafi verið fyrir hendi áður en árekstur varð og tengist honum því ekki.

M telur hins vegar að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna sinna og árekstursins og vísar um það til lækisfræðilegra gagna. M telur ennfremur að ekki sé hægt að byggja á hraðaútreikningum sem þeim sem V hefur lagt fram og vísar til dóma Hæstaréttar og úrskurðar nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

**Álit.**

Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og tjónsatburðar 20. september 2017. Eins og komið hefur fram í öðrum úrskurðum nefndarinnar verður ekki litið eingöngu til hraða- og höggútreikninga sem er einhliða aflað af hálfu annars málsaðila við mat á því hvert högg af árekstri hefur verið. Þó svokölluð PC-crash skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Þegar litið er til lækisfræðilegra gagna í þessu máli kemur þar fram að einkenni þau sem M lýsir við tvær lækisfærni með um árs millibili eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Auk þess verður ekki af þessum gögnum séð hvaða áhrif fyrra heilsufar M hefur við mat á orsakatengslum. Auk þess liggja ekki fyrir frekari lækisfræðileg gögn eða mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasambandi milli árekstursins og líkamlegra einkenna nú og miðað við það er kröfu hennar því hafnað.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 26. mars 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.